

Heiti verkefnis: Upplifun nemenda á umhverfi náms og kennslu við Lyfjafræðideild

Umsækjandi

Dr. Berglind Eva Benediktsdóttir, dósent við
Lyfjafræðideild HÍ

Meðumsækjandi

Dr. Elvar Örn Viktorsson, lektor við Lyfjafræðideild HÍ

Bakgrunnur verkefnisins


Kennsluhættir innan Lyfjafræðideildar hafa breyst mikið síðustu ár. Í flestum námskeiðum hefur áherslan að miklu leiti fæst frá stórum lokaprófum yfir í tíða verkefnavinnu og smærri hlutapróf yfir önnina til að stuðla að virku námi nemenda. Fyrir um fimm árum var kennsluskrá BSc og MSc í Lyfjafræði breytt þannig að sum námskeið voru sett upp í lotum en það er námsform þar sem námskeið eru kennd á einhvers konar hröðuðu formi sem beitt er mjög víðsvegar á háskólastigi, án þess að árangurinn af því sé endilega vel kortlagður, t.d. með tilliti til kennslugæða, skilnings og djúpnáms. Við þetta má svo bæta að árið 2024 voru gefnar út uppfærðar kröfur til lyfjafræðináms í Evrópu af Evrópuráðinu (EC) til að ná betur utan um störf lyfjafræðinga í dag. Slíkt hefur leitt til aukins námsefnis og breytinga á inntaki einstakra námskeiða Lyfjafræðideildar. Kennsluhættir, magn námsefnis og námsskipulag eru allt þættir sem geta haft áhrif á upplifun nemenda og kennara en hingað til hafa þessir þættir ekki verið markvisst kannaðir innan Lyfjafræðideildar. Því var tilgangur rannsóknarinnar að kanna hvaða þættir hefðu helst áhrif á upplifun nemenda og kennara á umhverfi kennslu og náms við Lyfjafræðideild sem hafðar voru í forgrunni við endurskipulagninu lyfjafræðinámsins (BS/MS) við Lyfjafræðideild.

Aðferðarfræði

Notuð var blönduð rannsókn með könnunarraðsniði. Rýnihópaviðtöl voru tekin við nemendur í grunn-og framhaldsnámi í lyfjafræði (n=5 og n=4). Svör og ummæli nemenda voru umrituð og þemagreind. Í framhaldi var lagður fyrir spurningalisti til allra nemenda í lyfjafræðinámi, með spurningum sem voru að hluta til þróaðar út frá niðurstöðum rýnihópaviðtalan. Listinn kannaði einnig eiginleika náms og kennslu (TLE), námsfyrirkomulag og lotukennslu. Síðanefnd háskólanna um vísindarannsóknir gerði ekki athugasemdir við spurningalistann. Þátttaka var valfrjáls. Alls tóku 31 nemendi þátt í könnuninni (26.3% svarhlutfall), 10 karlar og 21 konur. Meirihluti þátttakenda voru skráðir í grunnnám (87.9%) og 78.8% þátttakenda skráðir í fullt nám.

Niðurstöður

Í viðtölunum voru nemendur sammála því að þeir kysu frekar leiðsagnar-og lokamat sem væri dreift yfir önnina í stað lokaprófs, þar sem ekki væri eins mikið undir í hverju námsmati þótt það gæti þýtt meira álag á önninni. Í könnunni völdu flestir nemendur að fá fyrirlestra og svo 2-3 hlutapróf en annar valkostur var þá fyrirlestrar með lokaprófi og/eða verkefnum. Síðasti valkosturinn var kennsla á formi fyrirlestra og 100% lokaprófi (Mynd 1). 41.9% svarenda ná að klára þau verkefni og aðrar kröfur sem væru settar í námskeiðunum án þess að upplifa streitu.




Mynd 1: Nemendur beðnir um að velja ólíka blöndu af leiðsagnar-og lokamati í BS/MS námi í lyfjafræði (n=28)


Nemendur voru almennt ánægðir með aðgengi að fyrirlestraupptökum í báðum þáttum rannsóknarinnar enda veittu þær meiri sveigjanleika í náminu. Áhugavert var að sjá að 89,6% sammála eða mjög sammála því að myndu samt mæta í staðtíma þótt væri tekinn upp. Varðandi upplifun nemenda af kennsluumhverfinu voru 74.2% nemenda sammála því að kröfurnar í einstaka námskeiðum væru sanngjarnar og 67.7% nemenda töldu að kennarar notuðu fjölbreyttar kennsluaðferðir (mynd 2).

Þátttakendur í eigindlega hluta rannsóknarinnar komu inn á að námskeið í lotukennslu eru tekin fram yfir námskeið sem eru kennd samhliða alla önnina. Þá nefndu nemendur að þeir „halda vel dampi“ í námskeiðinu, sérstaklega þegar líka fer fram leiðsagnar- og lokamat í námskeiðinu. Nemendur kunnu jafnframt vel að meta að fá pásu á milli námskeiða í lotu. Varðandi stærð og lengd námskeiða þá sögðu nemendur að 4-7 vikur virkaði best fyrir flest námskeið, þó ekki ef mjög stór (10-12 ECTS) og að 1-2 vikur fyrir námskeið var of stuttur tími til að ná að koma sér í námsefnið og ná að skilja allt. Sama mynstur var að finna í eigindlega hlutanum þar sem 83% nemenda voru sammála um að lotukennsla hentaði þeim vel þar sem hún hjálpaði þeim að ná betur samhengi námskeiðsins. Einnig voru 78% sammála því að þau


myndu námsefnið betur þegar námskeið væru kennd í lotu. Í rýnihópaviðtölum kom jafnframt fram að tímalengd og stærð námskeiðis (ECTS) skipti máli og 86% nemenda í meginþleuga hlutanum sögðust leggja meiri áherslu á námskeið kennd í lotu á meðan önnur námskeið kennd samhliða væru lögð til hliðar á meðan. Þegar nemendur voru beðnir um að raða ólíku kennslu/námsmats-fyrirkomulagi þá var lotukennslan áberandi hjá vali nemenda (mynd 3).




Sú vinna sem er vænst af okkur í einstaka námskeiðum er nokkuð sanngjörn




Ég næ að klára þau verkefni og aðrar kröfur sem eru settar fyrir í námskeiðum án þess að upplifa streitu




Ég fæ tækifæri til að taka virkan þátt í staðtímum



Kennararnir okkar nota fjölbreyttar kennsluaðferðir




Kennararnir hanna námskeiðin þannig að við nemendur náum að skilja námsefnið



Kennararnir leggja mikið á sig til að við skiljum námsefnið

Mynd 2. Upplifun nemenda af kennsluumhverfinu og nálgun kennara á námsaðferðir að mati nemenda



Mynd 3. Nemendur beðnir um að raða ólíkum valkostum í kennslu í tengslum við lotufyrirkomulag

Samantekt og lokaorð rannsóknarinnar

Í heild svöruðu 78,6% nemenda því að þeir væru ánægðir með lyfjafræðinámið í heild. Nemendur í Lyfjafræðideild velja frekar hlutapróf og/eða verkefni fremur en stór lokapróf en virðist valda þeim streitu. Þeir vilja fyrirlestra í staðtímum sem jafnan eru teknir upp en spurning er um áhrif færri snertitíma á námið? Nemendur vilja lotukennslu og taka slík fög fram yfir námskeið sem eru kennd alla önnina, en þó þarf að huga að uppsetningu lota í tengslum við stærð námskeiða og innihalds. Þessar niðurstöður benda til þess að núverandi nálgun á námsmat, skipulag kennslu og kennsluaðferðir henta lyfjafræðinemendum vel og hafa nú þegar veitt sterkan grunn fyrir endurskipulagningu lyfjafræðinámsins ný BS kennsluskrá í lyfjafræði tók gildi haustið 2025.

Kynning á niðurstöðum rannsóknarinnar

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa þegar verið kynntar á eftirfarandi vettvangi kennslufræða og var þakkað fyrir styrk frá Kennslumálasjóði HÍ í þakkarorðum

- Ráðstefna Kennsluakademiunnar 22. nóvember 2024: Erum við að færast í rétta átt? Upplifun lyfjafræðinema á kennsluháttum og lotukennslu við Háskóla Ísland (Erindi)
- Líf -og heilbrigðisvísindaráðstefna Háskóla Íslands 14 október 2024. Are the current teaching strategies in the pharmacy programme in Iceland facilitating students' learning (Veggspjald)
- Menntakvika 27 September 2025. Umhverfi náms og kennslu við Lyfjafræðideild (Erindi)
- Kynnt sem hluti af Jólakennsluspjalli Kennslumiðstöðvar 16.desember 2025.

- Jafnframt eru styrkhafar að lokagreiningu á niðurstöðunum og er stefnt að því að birta þær í ritrýndu tímariti um SoTL.

Reykjavík, 19.desember 2025

Berglind Eva Benediktsdóttir, Lyfjafræðideild, HÍ

Elvar Örn Viktorsson, Lyfjafræðideild, HÍ